



ÍSLENSKI MÁHLJÓÐAMÆLIRINN

Óformleg málskimun – athugun á hljóðkerfisvitund og framburði í sjálfsprottnu tali.

Íslenski máhljóðamælinn (ÍM) er skimunarforrit fyrir spjaldtölvu sem metur framburð íslensku máhljóðanna. ÍM er skipt í tvo hluta. Fyrri hluti skoðar framburð máhljóða og seinni hluti skoðar sjálfsprottið tal og framburð með tilliti til málskilnings og máltjáningar.

Meðfylgjandi gátlistar fyrir seinni hluta skimunar með ÍM, voru prófaðir með hópi yngri og eldri leikskólabarna og sannreynir af Margréti Rögnu Þórarinsdóttur, nema í íslensku, í samráði við Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing og höfund *Íslenska máhljóðamælisins*. Hér var um að ræða hluta af verkefni Margrétar til lokaprófs í íslensku við HÍ vorið 2018.

Tilgangurinn var að leggja grunn að gátlistum sem leiðbeina fagaðilum í að laða fram viðbótarupplýsingar við framburðarskimun í fyrri hluta ÍM forritsins og meta málþætti og hljóðkerfisvitund.

Í seinni hluta *Íslenska máhljóðamælisins* er tilgangurinn með sögumyndunum *Borgarlíf* og *Skógarlíf* auk sjóræningjamyndbands, fyrst og fremst sá að skoða skiljanleika sjálfsprottins tals og kanna samræmi við framburð á stökum orðum sem prófuð eru í framburðarskimuninni í fyrri hluta prófsins. Listarnir eru þó þannig settir upp að unnt er að kanna óformlega bæði málskilning og máltjáningu próftaka um leið og hljóðkerfisvitundarþættir eru skimaðir.

Í fyrsta hluta gátlistanna er próftakinn beðinn um að sýna eða benda á/segja frá ákveðinni *flokkun*, s.s. farartæki, dýr með sameiginlega þætti eða ávexti. Því næst er metinn skilningur *spurnarorða/grunnhugtaka*, *sagnorða* og *litabekking* prófuð. Seinni hluti gátlistans byggir svo á hljóðkerfisvitund og vísar í myndir/orðin sem notuð eru á myndunum. Fyrsti liðurinn innan hljóðkerfisvitundarinnar byggir á samsettum orðum og orðhlutaeyðingu þar sem börn eru beðin um að setja saman eitt orð úr tveimur orðum eða taka eitt orð í sundur og búa til úr því tvö orð. Næsti liður er forhljóðagreining þar sem börnin eru beðin um að svara hvor valmöguleikinn af tveimur byrji á ákveðnu hljóðani. Síðasti liðurinn skoðar svo fjölatkvæðaorð hjá börnunum. Gátlistarnir eru aldursskiptir fyrir yngri og eldri börn auk þess sem heildarlisti fylgir. Hópur yngri barna (2- 3 ára) og eldri barna (4-5 ára) var forprófaður í rannsóknarverkefni Margrétar veturinn 2018.

Bryndís Guðmundsdóttir

BORGARLÍF



Borgarlíf úr Íslenska máhljóðamælinum. Teikn. Halla Sólveig Þorgeirsdóttir.